

Viðauki við útgáfulýsingu KLS 13 1

- skilmálabreyting -

Þann 19. febrúar 2013 gerðu KLS fagfjárfestasjóður, kt. 700113-9810, sem lánveitandi (hér eftir „sjóðurinn“) og Klasi fasteignir ehf., nú RA5 ehf, kt. 590404-2410, (hér eftir „lántaki“), lánssamning sín á milli þar sem kveðið var á um að sjóðurinn skyldi veita lántaka lán að fjárhæð kr. 5.700.000.000,- krónur fimmþúsund og sjöhundruð milljónir 00/100 (hér eftir „lánið“). Sjóðurinn fjármagnaði sig með útgáfu skuldabréfaflokkins – KLS 13 1 í kerfum verðbréfaskráningar Íslands („skuldabréfið“).

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins standa eignir sjóðsins til tryggingar á greiðslu skuldabréfsins.

Með fundi skuldabréfa eigenda þann 8. júlí 2020 var samþykkt að fára fjárhagsskilmála lánsins og eignir að baki greiðslu þess undir „almenna tryggingafyrirkomulag“ Regins hf. eins og það er skilgreint í grunnlýsingu Regins hf. til útgáfu skuldaskjala undir 70.000.000.000 kr. útgáfuramma hverju sinni, sbr. nú grunnlýsingu dagsetta 31. mars 2020 (hér eftir „grunnlýsingin“ og „almenna tryggingafyrirkomulagið“). Þá hefur lántaki jafnframt fallist á að fresta uppgreiðsluheimild um 6 mánuði eða fram til 20. ágúst 2021.

Í samræmi við framangreint hafa eigendur skuldabréfsins samþykkt eftirfarandi breytingar á útgáfulýsingu skuldabréfsins KLS 13 1:

Uppgreiðsluheimild orðast framvegis þannig:

„Útgefanda er heimilt frá og með 20. ágúst 2021 að greiða útgáfuna hraðar upp eða að fullu áður en að samningsbundnum lokagjalddaga er komið og þá á gjalddögum útgáfunnar. Útgefandi skal greiða sérstakt uppgreiðslugjald af uppreiknaðri fjárhæð þeirrar afborgunar, sem greidd er umfram hina samningsbundnu afborgun á viðkomandi gjalddaga. Uppgreiðslugjaldið nemur eftirfarandi:

Frá og með 20. ágúst 2021 til og með 20. ágúst 2022: 1,5%

Frá og með 20. febrúar 2023: 0,5%

Ef RA 5 ehf, kt. 590404-2410, lántaki útgefanda, nýrir sér rétt til uppgreiðslu skv. lánssamningi við útgefanda ber útgefanda að inna af hendi sama hlutfall greiðslu til skuldabréfa eigenda af skuldabréfunum skv. útgáfu þessari.“

Eignir að baki greiðslu skuldabréfsins orðast framvegis þannig:

„Eftirfarandi eignir útgefanda skulu standa að baki greiðslu skuldabréfs þessa:

Láanasamningur útgefanda við RA5 ehf. þar sem skilmálar eru meðal annars eftirfarandi:

1. Upphafleg lánsfjárhæð: 5.700.000.000 ISK
2. Veðtryggt: Útgefandi hefur veð í öllum þeim eignum sem á hverjum tíma standa til tryggingar á skuldbindingum sem falla undir almenna tryggingafyrirkomulagið og veðhafasamkomulag þess.
3. Verðtrygging: Vísitala neysluverðs
4. Kvaðir: Almennar og fjárhagslegar kvaðir lánsins eru þær sömu og tilgreindar eru í grunnlýsingu Regins hf., m.a.:
 - Á prófunardögum skal lánabekja, eins og hún er skilgreind í grunnlýsingunni, ekki vera hærri en 75%. Útgefanda er jafnframt heimilt að bæta nýjum skuldbindingum við þær skuldir sem þegar eru tryggðar með tryggingarbréfi, með því skilyrði að lánabekja fari ekki umfram 65% við slíka breytingu.
 - Vaxtabekja eins og hún er skilgreind í grunnlýsingunni skal ekki vera undir 1,5.

- Eiginfjárhlfall, eins og það er skilgreint í grunnlýsingunni, skal ávallt vera jafnt eða yfir 25%.“

Að öðru leyti skal skuldabréfið haldast óbreytt.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Anna Þórhildsdóttir

f.h. útgefanda KLS 13 1